

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Júlí 2019

Skráð atvinnuleysi var 3,4 % í júlí

Skráð atvinnuleysi í júlí mældist 3,4% og breyttist ekki frá júní.

Að jafnaði var 6.831 einstaklingur á atvinnuleysissskrá í júlí og fjölgaði um 108 frá júní. Alls voru 2.662 fleiri á atvinnuleysissskrá í júlí 2019 en í júlí árið áður.

Alls voru 3.614 karlar að jafnaði atvinnulausir í júlí og 3.217 konur og var atvinnuleysi 3,3% meðal karla og 3,7% meðal kvenna. Atvinnuleysi breyttist ekki milli mánaða hjá körlum en jókst um 0,1 prósentustig hjá konum.

Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi verði svipað eða aukist lítils háttar í ágúst frá júlí eða á bilinu 3,4% til 3,6%.

Í júlí tóku 435 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Um 72 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði.

Alls fóru 659 einstaklingar af skrá í júlímánuði, þar af fóru 333 í vinnu eða um 51%.

Alls komu inn 133 ný störf sem auglýst voru í vinnu- miðlun hjá Vinnumálastofnun í júlí. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og skyldum greinum eða 46 störf. Þá voru auglýst 24 störf fyrir iðnaðarmenn og 20 störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu


Í júlí gaf Vinnumálastofnun út 241 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 104 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 137 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 37 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í júlí 2019 með samtals 238 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 968 í júlí á vegum 24 starfsmannaleiga.

Alls var 2.571 erlendur ríkisborgari án atvinnu í lok júlí eða um 35% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 7,3% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.


Greining atvinnuleysis



Atvinnuleysi í júlí og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í júlí mældist eins og fyrr segir 3,4% og var að jafnaði 6.831 einstaklingur á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 108 á atvinnuleysissskrá frá júní. Alls voru í júlí 2.662 fleiri á atvinnuleysissskrá en í júlí 2018.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júlí eða 5,9% og lækkaði um 0,4 prósentustig milli mánaða. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysið 3,8% og hækkaði úr 3,7%. Alls staðar minnkaði atvinnuleysi á landsbyggðinni nema á Norðurlandi vestra þar sem það jókst um 0,1 prósentustig svo og á Suðurlandi. Mest minnkaði atvinnuleysi á Vestfirðum, og Austurlandi eða um 0,2 prósentustig og á Suðurnesjum 0,4 prósentustig en þar var hlutfallsleg minnkun minni.

Alls voru 3.614 karlar að jafnaði atvinnulausir í júlí og 3.217 konur og var atvinnuleysi 3,3% meðal karla og 3,7% meðal kvenna og jókst um 0,1 prósentustig meðal kvenna en var óbreytt meðal karla. Að meðaltali fjölgaði

konum um 98 á atvinnuleysissskrá frá júní en körlum fjölgaði minna eða um 10 frá júní.

Alls voru 802 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok júlí í ár sem samsvarar um 2,8% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fjölgað um 294 frá júlí 2018 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 508.

Lengd atvinnuleysis

Alls hafði 1.291 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júlí en voru 890 í júlílok 2018. Hefur þeim því fjölgað um 401 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra var 17,7% af öllum á atvinnuleysissskrá í júlí 2019 en rúm 20% í júlí árið 2018.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Atvinnulausum fjölgaði í öllum atvinnugreinum í júlí 2019 frá júlí 2018. Mesta fjölgunin var á fjölda atvinnulausra í flutningastarfsemi og ýmsri sérhæfðri þjónustu. Minnsta aukning atvinnulausra var í fræðslustarfsemi, og í heilbrigðisþjónustu.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fjölgaði atvinnulausum, mest meðal véla- og vélgæslufólks og við ýmis þjónustustörf frá því í júlí 2018 en minnst í störfum í landbúnaði og í sjávarútvegi.

GREIÐSLUSTOFA GREIÐI

1.838 milljónir í júlí

þar af voru:


1.673 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

53 milljónir vegna barnadagpeninga.

112 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls var 2.571 erlendir ríkisborgari án atvinnu í lok júlí eða um 35% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 7,3% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Þetta er aukning frá því í júlí 2018 þegar hlutfall atvinnulausra erlendra ríkisborgara var um 32% allra atvinnulausra eða sem svarar um 4,5% atvinnuleysi.



Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða 1.490, sem er um 58% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar og Lettar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok júlí 2019



Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi verði svipað eða aukist lítið í ágúst og verði á bilinu 3,4% til 3,6%.

Þjónusta við atvinnuleitendur


Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 659 einstaklingar af skrá í júlímánuði, þar af fóru 333 í vinnu eða um 51%. Þá voru 192 (29%) einstaklingar afskráðir því þeir staðfestu ekki atvinnuleit í lok júlí. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, t.d. voru 30 einstaklingar afskráðir vegna þess að þeir fluttu úr landi, 31 fór í fæðingarorlof, 21 einstaklingur hætti við umsókn eða dróg hana til baka og 13 einstaklingar voru afskráðir vegna óvinnufærni.

Ástæða þess að fólk fór af atvinnuleysissskrá í júlí 2019



Hlutfallslega afskráðust fleiri karlar en konur í júlí, 55% voru karlar en 45% konur. Um 77% afskráðra eða 508 manns höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t.ár og 16% (104) í 6 til 12 mánuði. Um 7% afskráðra (47) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár.

Hlutfallslega voru flestir afskráðra í aldurshópnum 18-29 ára eða 34%. Um 31% voru 30-39 ára og 20% 50 ára eða eldri. Fæstir afskráðra voru í aldurshópnum 40-49 ára eða 15%.

Auglýst störf í vinnumiðlun í júlí

Alls komu inn 133 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júlí. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og skyldum greinum eða 46 störf. Þá voru auglýst 24 störf fyrir iðnaðarmenn og 20 störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu. Flest auglýstra starfa teljast almenn störf eða um 81%. Annað er átaksverkefni, reynsluráðning eða störf fyrir fatlaða. Flest starfanna eða 56% eru á höfuðborgarsvæðinu, 16% á Suðurnesjum og 8% á bæði Vestfjörðum og Norðurlandi eystra. Þá eru 12% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	16	12%
Þjónustustörf	17	13%
Afgreiðslustörf	10	8%
Iðnaðarmenn	24	18%
Verkafólk í þjónustu	20	15%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	46	35%
Samtals	133	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara þá af skrá tímabundið á meðan á úrræðinu stendur.

Í júlí tóku 435 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Um 72 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá fóru 68 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en einnig fóru margir á tölvu- og bókhaldsnámskeið eða önnur starfstengd námskeið. Þá voru 26 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 21 einstaklingur var í endurhæfingarúrræði.


Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í júlí unnu 37 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 130 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja og stofnana.

Loks var 81 einstaklingur með vinnusamning öryrkja eða önnur sértæk úrræði í júlí. Vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem hafa ráðið fólk með skerta starfsgetu til starfa. Þeim samningum er ætlað að auka tækifæri atvinnuleitenda með skerta starfsgetu til að ráða sig í vinnu á almennum markaði.

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í júlí voru gefin út 149 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 108 einstaklingar, átta einstaklingar fóru til Danmerkur og sex fóru til Litháen. Þá voru gefin út 27 vottorð til viðbótar til 12 annarra ríkja. Í júlí komu sjö einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slík vottorð frá öðrum EES-ríkjum.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, júlí 2019




Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í júlí voru gefin út 89 U1 vottorð. Líkt og oftast áður voru flest vottorð gefin út til Póllands (31), 17 vottorð voru gefin út til Tékklands og 14 til Spánar. Þau sem eftir standa, eða 27 vottorð, voru gefin út til 14 annarra ríkja.

Útflutt réttindi í atvinnuleysisstryggingakerfinu eftir löndum, júlí 2019



Töluverð aukning hefur verið í útgáfu bæði U2 og U1 vottorða síðustu árin eins og sjá má á mynd hér að neðan. Fyrstu sjö mánuði ársins 2018 voru gefin út 369 U2 vottorð samanborðið við 791 vottorð það sem af er þessu ári. Er það meira en 100% aukning í útgáfu U2 vottorða á milli ára.

Útgefin U1/U2 vottorð janúar-júlí 2010 -2019




Útlendingar

Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í júlí gaf Vinnumálastofnun út 241 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 104 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 137 leyfi voru framlengd.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í júlí 2019



Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í júlí, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðipekkingar eða 73 leyfi. Þá voru gefin út 72 námsmannaleyfi og 36 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í júlí voru flest leyfi gefin út vegna þjónustu- og afgreiðslustarfa eða 32%. Um 31% vegna starfa sem krefjast sérfræðipekkingar eða sérmenntunar og 20% vegna starfa sérhæfðs iðnverkafólks.

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 37 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í júlí 2019 með samtals 238 starfsmenn. Þá voru starfsmenn

starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 968 í júlí á vegum 24 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga koma frá Póllandi eða 56%, 21% er frá Litháen og 10% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 13% starfsmanna koma frá 9 öðrum ríkjum.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar í [excelskjölum](#) og á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar.

ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA GREIDDI

51 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota 17 fyrirtækja í
júlí

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysisstölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra